

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

MAÍ 2015



5. tbl. 18. árg.

24
Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

**Slökkvitækja-
þjónustufan**
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

Í ALFARALEIÐ
Aðalskoðun
Reykjavík Skeifunni 5 Sími 590 6930

Stærsta byggingarverkefni í miðborginni til þessa

Forráðamenn Landstólpa þróunarfélags og borgarstjórnin í Reykjavík nýttu sumardaginn fyrsta til þess að taka fyrstu skóflustunguna að stærsta byggingarverkefni sem fram til þessa verður ráðist í á Miðborgarsvæðinu til þessa. Samkvæmt deiliskipulagi má byggja húsnæði á reitum eitt og tvö við Austurbakka allt að 21.400 fermetra ofan jarðar auk bílakjallara.

Í hinum væntanlegu byggingum er gert ráð fyrir íbúðum og einnig fjölbreyttu húsnæði fyrir atvinnustarfsemi á borð við verslanir, veitingahús, skrifstofur og þjónustu. Auk þess verður byggður bílakjallari á reitnum sem verður samtengdur öðrum bílakjöllum á lóðinni, allt að Hörpu. Áætlað að sameiginlegur kjallari geti rúmað allt að eitt þúsund bíla í stæði. Bílastæði sem var á þessum reitum hefur nú verið lokað en aðstaða fyrir einkabíla mun endurheimtast með tilkomu bílakjallara undir byggingunum. Í júlí á liðnu ári undirrituðu Reginn og Landstólpar þróunarfélag kaup-samning um kaup Regins á öllu verslunar- og þjónusturými á umræddum byggingarreitum eða um átta þúsund fermetra af útleigurými sem að mestu er staðsett á fyrstu og annarri hæð bygginganna. Ætlunin er síðan að leigja verslunar- og þjónusturými auk aðstöðu fyrir skrifstofur og starfsstöðvar í þessum hluta



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, Helgi S. Gunnarsson forstjóri Regins, Gísli Steinar Gíslason og Guðni Rafn Eiríksson frá Landstólpa þróunarfélags tóku fyrstu skóflustunguna vegna upphafs framkvæmda við reit eitt og tvö við Austurbakka í Reykjavík á sumardaginn fyrsta.

bygginganna. Smáralind er einnig í eigu Regins og hugmyndir eru um að tengja starfsemi, rekstur og markaðsstarf Smáralindar við þessa nýju verslunarmiðstöð. Áætlað er að framkvæmdum á reitnum ljúki og byggingarnar

standi tilbúnar haustið 2018. Með þessum framkvæmdum er mætt vaxandi þörf fyrir verslunar- og þjónustusvæði í miðborginni, íbúðum fjölgað í takt við aukna eftirspurn eftir búsetu og fengin lausn á bílastæðavanda.

www.borgarblod.is

**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**
DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

græn heilsa
lífræn heilsuverslun
Ægisíða 121
facebook.com/grænheilsa

MÁNAÐARKORT AÐEINS
7.490 KR.
World Class
ICELAND

- bls. 4-5
Viðtal við
Halldór Halldórsson

- bls. 8-9
Viðtal við Steinunni
Sigurðardóttur
hönnuð



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Hvítasunnutilboð!

Svínahnakki úr kjötborði **1.498.- kr kg**
Svínakótelettur úr kjötborði **1.498.- kr kg**
Lambaprime úr kjötborði **3.298.- kr kg**

Melabúðin
þín verslun
Sími 551-0224

Opið: Föstudag 09-20
Laugardag 10-20
Mánudag 10-20
LOKAÐ HVÍTASUNNUDAG
Tilboðið gildir hvítasunnuhelgina 21.-25. maí



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

5. tbl. 18. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R

Aukið samráð við foreldra

Samþykkt hefur verið í borgarstjórn Reykjavíkur að setja á fót starfshóp um hvernig auka megi samráð við foreldra varðandi meiriháttar ákvarðanir um skólahald. Tillaga meirihlutans í borgarstjórn um þetta var breytingartillaga við tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að við ráðningu í stöðu skólastjóra og leikskólastjóra skuli gefa foreldrafélagi, skólaráði og foreldraráði kost á samráði um málið. Þessir aðilar gætu síðan mælt með ákveðnum umsækjanda eða bent á atriði sem æskilegt væri að leggja áherslu við ráðninguna.



Öllum verður boðin sumarvinna

Ákveðið hefur verið að öllum 17 ára ungmennum sem sóttu um sumarstarf hjá Reykjavíkurborg innan auglýsts umsóknarfrests verði boðið starf. Fram kemur í fundargerð borgarráðs að um sé að ræða allt að 121 ungmenni. Ráðningartími verði með sama hætti og undanfarin ár, þ.e. fjórar vikur og starfshlutfall verður 80%. Áætlaður kostnaður vegna þessa er 26,6 milljónir króna. Samþykkt var að fjárheimild sem nemur allt að 21 milljón króna verði færð af liðnum ófyrirséð yfir á kostnaðarstað atvinnumál í samræmi við þann fjölda sem ráðinn verður.

Ánægja með NPA

Sumarið 2013 voru 14 einstaklingar valdir til að taka þátt í tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) sem miðar að því að þróa nýjar leiðir í þjónustu við fatlað fólk. Notendastýrð persónuleg aðstoð þýðir að einstaklingurinn stýrir sjálfur þjónustunni, tíðni hennar og hverjir inna hana að hendi. Samráðshópur var fenginn til að kortleggja reynslu fólks af NPA og var það gert með fundum og samráði. Í ljós kom að mikil ánægja hefur verið með NPA-verkefnið af

hálfu þeirra 14 einstaklinga sem tóku þátt í tilraunaverkefninu og þeir upplifa mikla breytingar í þjónustu. Ekki ráða þó allir notendur við eins mikla verkstjórn og NPA-þjónusta gerir ráð fyrir og því þarf að kanna betur ólíkar þarfir þeirra.

Allir notendur töldu þá NPA-þjónustuna svara betur þörfum sínum og margir töldu að hún hefði gjörbreytt lífi þeirra. Mikill munur var á því hversu mikil þátttaka notenda var í daglegri stjórn þjónustunnar. Meiri verkstjórn fylgdi meiri ánægja.



Bryndís hlaut barnabókaverðlaunin

Bryndís Björgvinsdóttir hlaut barnabókaverðlaun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar að þessu sinni fyrir bókina Hafnarjarðarbrandarann sem var valin besta frumsamda bókina. Eleanor og Park var valin best þýdda barnabókin en Girtiga Elín Hasel og Marta Hlín Magnadóttir sneru þeirri sögu eftir bandaríska rithöfundinn Rainbow Rowell á íslensku. Barnabókaverðlaunin voru nú afhent í 43. sinn. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Skúli Helgason formaður skóla- og frístundaráðs fluttu stutt ávörp við athöfnina í Höfða, grunnskólanemendur úr Austurbæjar skóla sungu og sigurvegarar úr Stóru upplestrarkeppninni lásu upp úr verðlaunabókunum.



Opnunartími leikskóla stytur

Opnunartími leikskóla í Reykjavík verður stytur frá og með 1. ágúst. Frá þeim tíma geta börn dvalið í leikskólunum til kl. 17 en ekki 17.30 eins og verið hefur. Skóla- og frístundaráð

Reykjavíkur sendi foreldrum leikskólubarna tilkynningu þessa efnis. Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs, segir þessa breytingu vera sparnaðaraðgerð af hálfu borgarinnar. Finna peninga til að fara af stað með nýtt verkefni sem kallast námsleyfi í leikskóla og gengur út á að fjölga fagmenntuðu starfsfólki á leikskólum borgarinnar. Með þessu er ætlunin að auðvelda ómenntuðum leikskólakennurum að fá styrki til þess að fara í nám. Reykjavíkurborg mun verja 20 milljónum króna í verkefnið.



Tryggvi Ólafsson færir reykvískum börnum listaverkagjöf

Tryggvi Ólafsson myndlistarmaður færði í dag börnum og ungmennum í Reykjavík rausnarlega gjöf sem Dagur B. Eggertsson borgarstjóri veitti viðtöku í Tjarnarsal Ráðhússins á helsta hátíðardegi barna, Sumardeginum fyrsta. Gjöfin samanstendur af 210 litógrafíum eftir listamanninum, og gefur hann sérhverjum leikskóla og grunnskóla í borginni tvær myndir. Þá gaf hann skólahljómsveitunum grafíkmyndir af þekktum djasleikurum. Við afhendingu þessarar rausnarlegu sumargjafar lék kvartett úr skólahljómsveit Austurbæjar og reykvísk börn færðu listamanninum gjafir; myndverk og nýútkomna bók með sögum 8 til 10 ára barna.



Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Hauði kross Íslands

Vesturbæingar



Ætti Vesturbærinn að vera sér bæjarfélag?



rafmagn@mi.is

Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

Við tökum vel á móti þér

Í **Landsbankanum í Vesturbæ** starfar samhentur hópur fólks sem veitir þér persónulega og faglega þjónustu með áherslu á lausnir sem henta hverjum og einum.

Góð yfirsýn í 360° ráðgjöf

Í 360° ráðgjöf er farið yfir fjármálin þín frá öllum hliðum, stöðuna og framtíðarmarkmið. Kynntu þér 360° ráðgjöf og pantaðu tíma á landsbankinn.is/360.

Betri þjónusta í Vesturbæ

Útibúið í Vesturbæ tekur mið af breyttum áherslum í bankaþjónustu með vandaðri ráðgjöf og rafrænum lausnum þar sem viðskiptavinir sinna sjálfir helstu bankaviðskiptum.



Hagkvæmni stærðarinnar leysir ekki allan vanda

Halldór Halldórsson borgarfulltrúi í Reykjavík og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessi sinni. Hann segir eðlilegt að Reykjavík sem höfuðborg dragi vagninn í efnahagslegri uppbyggingu, það sé eðli og hlutverk höfuðborga og höfuðborgarsvæðið sem slíkt sé vissulega sterkt að því leyti. Þess vegna þurfi sterk höfuðborg að rækja höfuðborgarhlutverk sitt af kostgæfni. Hann telur þó fráleitt að sameina höfuðborgarsvæðið í eitt sveitarfélag. Segir að nágrannasveitarfélögin séu vel rekin og að flestu leyti betur en Reykjavíkurborg. Nauðsynlegt sé einnig að viðhafa nokkra samkeppni á milli sveitarfélaganna. Á hinn bóginn þurfi að huga að frekara samstarfi á milli þeirra. Hann bendir á Strætó, Sorpu og slökkviliðið sem samstarfsverkefni sem hafi gengið vel en fleira komi jafnvel til greina að vinna sameiginlega. Svæðisskipulag fyrir allt höfuðborgarsvæðið er í lokavinnslu en það undirstrikar að þetta er eitt atvinnu- og búsetusvæði. „Við þurfum að samræma betur þá mikilvægu þjónustu sem þjónustumiðstöðvar borgarinnar veita svo ekki sé misunandi þjónusta eftir hverfum og langir biðlistar sums staðar en ekki annars staðar. Við erum að þjónusta borgarbúa – alla borgarbúa.“



Ég hef heyrt hugmyndir um pramma sem dreginn yrði af dráttarbat til þess að flytja vörur af Grandagarði í Sundahöfn – það er að segja að fara með þær sjóleiðina inn í Sund til útskipunar, segir Halldór Halldórsson.

fjölgun íbúa auk ferðamanna sem koma og fara um hótelsvæðin og víðar. Engin spurning er um að svo mikil fjölgun íbúa hversu góð sem hún er mun kalla á aukna umferð. Ef við lítum til þess að núverandi umferðarmannvirki eru algerlega fullnýtt þá hljóta þessar framkvæmdir að kalla eftir því að menn leggi höfuðið í bleyti til þess að finna lausnir. Þótt reiðhjólíð sé ágætt samgöngutæki þá leysir það ekki allan vanda. Almenningsamgöngur og fjölskyldubíllinn verða hluti af samgöngumátanum. Ekki má heldur gleyma því að vestan Reykjavíkur er 4400 manna sveitarfélag sem á allar sínar samgöngur við umheiminn gegnum Vesturbæinn í Reykjavík. Eg tel að við verðum að skoða alla þessa þætti í samhengi og markmiðið hlýtur að

vera að halda umferðarlæðinu með eðlilegum hætti þótt reynt verði að takmarka sem kostur er það ónæði sem hlýst af umferðinni og halda hraða niðri.“

Ekki fyrirséð hvar hægt væri að koma olíuhöfn fyrir

Halldór nefnir að flutningar úr Örfirsey séu þegar farnar að valda vanda. Hvað á hann við með því. „Ég á einfaldlega við að Mýrargata er flutningsleið til og frá Grandanum og Örfirsey. Það eru takmörk fyrir því hvaða flutninga og umferð hún ber og þá er ég bæði að líta til fjölgunar íbúða á þessu svæði og vaxandi atvinnustarfsemi í borgarhlutanum. Grandi er með stórar frys-tigeymslur á Norðurgarði og

útflutningsvörunum er skipað út í Sundahöfn. Því þarf að aka með þær á gámaflutningsbílum niður Mýrargötuna og með fram öllu svæði gömlu hafnarinnar og inn á Sæbrautina. Ég hef heyrt hugmyndir um pramma sem dreginn yrði af dráttarbat til þess að flytja vörur af Grandagarði í Sundahöfn – það er að segja að fara með þær sjóleiðina inn í Sund til útskipunar.“ Hvernig sem það fer þá er algjört lykilatriði að halda í hafnarstarfsemi og atvinnulífið sem henni tengist. Talið berst frá Granda að olíuhöfninni í Örfirsey sem kallar á mikinn akstur olíubíla um þessar sömu götur og aðrir vöruflutningar fara um. „Nei – olíuhöfnin er ekki á förum. Alla vega ekki á næstunni vegna þess að ekki hefur verið sýnt fram á neina heppilega staðsetningu

fyrir hana eftir því sem ég hef kynnt mér. Hef reyndar ekki komið að því máli sjálfur. Vandinn er að landa þarf olíunni af sjó og dreifa henni síðan um íbúðabyggðir með bílum meðal annars að fæða allar bensínstöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu. Og þá vakna upp spurningar um hvernig hægt verði að bregðast við flutningsvanda af því tagi. Við getum ekki losnað við að eldsneyti verði flutt um götur borgarinnar – ekki fyrr en öllum tækjum verður ekið fyrir innlendum orkugjafa, rafmagni. Spurningin er um hvort fara megi aðrar og heppilegri leiðir til þess en farnar eru í dag. Svör við þeirri spurningu liggja ekki fyrir á þessari stundu.“

Umferðarmálin - áskorun fyrir borgaryfirvöld

Halldór segir vaxandi umferð um Vesturbæinn leiða af sér töluverða áskorun fyrir borgaryfirvöld. Ljóst sé að ekki er hægt að bæta við núverandi umferðaræðar með góðu móti eða ásættanlegu gagnvart íbúum. „Eina leiðin sem ég sé til þess að auka afköst þeirra er að fara með þær ofan í jörðina. Menn hafa viðrað hugmyndir um að færa Mýrargötuna í stökk og síðan að byggja borgargötu ofan á með hægri umferð. Þetta mætti eflaust gera víðar en um stórar framkvæmdir er að ræða sem kosta umtalsverða fjármuni. Engu að síður verðum við að vera opin fyrir slíkum lausnum vegna þess hversu mikilvægt er að skerða ekki flæðið í umferðinni með tilheyrandi töfum og mengun. Það getur líka verið nauðsynlegt hægja á umferð um tiltekna götur eins og gert hefur verið á Hofsvallagötunni og við Borgartún sem er ekki vel heppnuð dæmi, því miður. Fólk þarf að komast á milli staða sama hvaða samgöngumáta það nýtir sér. Í mínum huga er stórt skipulagslegt atriði að takast á við umferðarmálin og þar koma allir ferðamátar við sögu. Annars held ég að við eigum eftir að upplifa byltingu í umferðarmálum og að hún sé skemmra undan en flestir halda. Þar á ég við þessa snjallbílatakni sem komin er fram og ég er viss um að mun ryðja sér meira og meira til rúms í borgum á komandi árum. Þessir bílar

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



verða alltaf í umferð nema þegar þeir eru í hleðslu og öll samgöngumannvirki nýtast þá betur. Þá held ég að deiliahagkerfið þar sem fólk deilir eignum með sér eigi eftir að færast í vöxt. Mér finnst ákveðin merkin farin að koma fram um þá þróun.“

Ársreikningurinn sýnir skelfilega niðurstöðu

Halldór vikur næst að rekstri borgarinnar og segir hann valda nokkrum áhyggjum. Fram hefur komið að A-hluti borgarsjóðs var rekinn með 2,8 milljarða króna halla á síðasta ári en gert var ráð fyrir að afkoman yrði jákvæð um 488 milljónir króna. Þetta þýðir að afkoma A-hluta er lakari um 3,3 milljarða en gert var ráð fyrir. Þá er rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs neikvæð um 7,1 milljarð króna en gert var ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 5,1 milljarð króna sem er 1,9 milljörðum króna lakari niðurstaða en gert var ráð fyrir. Til samanburðar var afkoma A-hluta jákvæð um þrjú milljarða árið 2013 og afkoma Aðalsjóðs jákvæð um 64 milljónir sama ár. „Ársreikningur 2014 sýnir skelfilega niðurstöðu A-hlutans sem er allur helsti rekstur borgarinnar, annar en fyrirtækja í B-hluta, fjármagnaður með skatttekjum. Aðalsjóður er rekinn með 7,1 milljarða kr. halla á árinu 2014. Og það er ekki eins og þetta sé einhver hliðarstarfsemi borgarinnar eins og nafn sjóðsins ætti reyndar rækilega að undirstrika. Þetta er öll helsta starfsemin. Þarna unnu að meðaltali 6.559 starfsmenn á árinu 2014. Veltan er 85 milljarðar í aðalsjóði þegar heildarvelta samstæðunnar allrar að meðtalinni Orkuveitu er 133 milljarðar. Þetta eru sláandi tölur sem segja okkur að það er eitthvað mikið að í rekstri Reykjavíkurborgar þegar útgjöld aðalsjóðs aukast um 9,8 milljarða kr. á milli ára. Tapið á aðalsjóði Reykjavíkurborgar er jafnhá tala og heildartekjur Mosfellsbæjar sem er í hópi stærstu sveitarfélaga landsins,“ segir Halldór

Flugvöllurinn getur verið áfram í Vatnsmýrinni

Talið berst að Reykjavíkflugvelli og framtíð hans en hart er deilt um hvort gera þurfi breytingar á honum eða jafnvel að byggja annan flugvöll til þess að losna við flugstarfsemina með öllu úr Vatnsmýrinni. Halldór segir mikilvægt að bíða eftir hugmyndum og tillögum Rögnunefndarinnar svokölluðu og leggur áherslu á að Reykjavíkurborg eigi ekki að fara fram úr henni. Við eigum að láta flugvöllinn í friði á meðan nefndin er að störfum. Hann segir að verið sé að bera nokkra kosti saman en leggur jafnframt áherslu á að innanlandsflugði verði að eiga sér stað frá höfuðborgarsvæðinu. „Enn hefur engin staðsetning komið fram sem er betri en núverandi flugvöllur. Okkur liggur heldur ekkert á með þetta verkefni – að breyta flugvallarstæðinu.“ Þegar Halldór er inntur eftir því hvort lestargöngur við Keflavíkflugvöll geti komið til með að leysa Reykjavíkflugvöll af

hólmi telur hann svo ekki vera. „Ég hef ákveðnar efasemdir um flugvallarlest. Við þurfum ekki að líta lengra en til Noregs til þess að sjá hvað gerðist þegar Norðmenn aflögðu Fornebuflugvöll í Osló. Norska ríkið varð að leggja háar fjárhæðir í byggingu lestarinnar. Ef einkaaðilar telja sig geta byggt upp lestarsamgöngur á milli Keflavíkflugvallar og Reykjavíkur og rekið réttu megin við strikið þá er að hið besta mál. En ríkið - íslenskir skattgreiðendur eiga ekki að greiða fyrir það úr sínum vösum. Flugvöllurinn getur verið áfram í Vatnsmýrinni eins og hann hefur verið og hann verður þar nema fullkomið nýtt flugvallarstæði finnist ásamt fjármagni til að byggja nýjan flugvöll.“

Hagkvæmni stærðarinnar leysir ekki allan vanda

Þá að höfuðborgarsvæðinu sem heild. Nokkuð hefur verið rætt um hvort hagkvæmt eða skynsamlegt geti verið að fækka sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu með sameiningum eða jafnvel að sameina það í eitt. Hvað segir Halldór um þessar hugmyndir eða telur hann aukna samvinnu ef til vill hentugri kost en að fara í svo róttækar breytingar sem stór sameining yrði og erfitt að sjá fyrir hvaða afleiðingar myndi hafa. Halldór segir að samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hafi verið að aukast í gegnum SSH. „Við erum nú þegar með nokkur samrekstrarverkefni og

má benda á almenningssamgöngurnar og sormálin sem dæmi um það. Strætó og Sorpa eru samstarfsverkefni og einnig má nefna ferðaþjónustu fatlaðra þar sem sveitarfélögin starfa saman að Kópavogskaupstað undanskildum. Þá er einnig verið að leggja lokahönd á sameiginlegt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið. Ég tel að samstarfið sé að þéttast en sé enga sameiningu í kortunum. Menn hafa verið að víðra hugmyndir um breytingar á sveitarfélagaskipaninni af og til en ég veit ekki hversu djúpt þær ná, sérstaklega til sveitarfélaga sem eru þó af þeirri stærð sem er á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. töluvert yfir landsmeðaltali. Ég hef velt þessu fyrir mér og er þeirrar

skoðunar að það þurfi að vera ákveðin samkeppni til staðar á milli sveitarfélaga á þessu svæði. Ég dreg einnig mjög í efa að stór sameining myndi lækka kostnað við rekstur – hann gæti þvert á móti aukist. Ekki síst af þeim sökum er ég efins um ávinning af slíkrri sameiningu og ef hún yrði til þess að taka yrði meira af skattfé almennings í rekstrarkostnað væri illa farið af stað. Ég fæ ekki betur séð en að bæjarfélögin sem mynda höfuðborgarsvæðið utan um Reykjavík séu betur rekin en Reykjavíkurborg. Hagkvæmni stærðarinnar virðist ekki nást þessi misserin í Reykjavík, svo undarlegt sem það nú er og oft er hægt að ná góðum árangri í minni samfélögum það hefur sýnt sig.“

ÖRUGG VÖRN

LANGVIRK SÓLARVÖRN ÞRÓUÐ FYRIR VIÐKVÆMA HÚÐ

Langvirk, vatnsheld vörn í sund, sjó og leik.
Ofnæmisprófuð með sérhæfðum sólarfilterum fyrir húð barna.
Börn elska mjúka froðuna sem auðveldar að bera á rétt magn.

Meðmæli húðlækna - Yfir 90% UVA vörn

Patentskráð uppfinning.
Proderm inniheldur engin paraben, ilmefti, litarefni eða nanóeindir.

Fæst í apótekum, Hagkaup, Nettó, Melabúðinni,
Fríhöfninni og Grænni heilsu.

www.celsus.is

Gerðu
góðverk
í dag

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

Sumargötturnar opnaðar



Neðsti hluti Skólavörðustígsins hefur gjarnan verið nýttur til ýmiskonar uppstillinga þann tíma sem gatan er sumargata og bílaumferð ekki til staðar.

Sumargötturnar í miðborginni hafa verið opnaðar en þær eru: Laugavegur frá Fakkastíg, Skólavörðustígur neðan Bergstaðastrætis og Pósthússtræti og verður bílaumferð um þær takmörkuð til 15. september.

Umhverfis- og skipulagsráð lagði til að sumargötur yrðu í miðborginni frá 1. maí til 1. október en fulltrúar Sjálfstæðisflokks og framsóknar og flugvallarvina greiddu atkvæði gegn þeirri tillögu og í bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins var gagnrýnt að opnunartími sumargatna væri lengdur svo mikið. Þrjú mánaða opnun væri fullnægjandi. Meirihluti borgarráðs lagði því til að stytta tímabilið í báða enda. Með því væri bæði veittur meiri tími til undirbúnings auk þess sem komið væri til móts við mismunandi sjónarmið varðandi lengd opunar sumargatna. Götturnar eru opnar fyrir bílaumferð á morgnana frá kl. 8 til 11 frá mánudegi til föstudags svo þjónustu- og rekstraraðilar eigi auðvelt með aðföng og flutninga. Blómakerjum, bekkjum eða öðrum götugögnum verður komið fyrir á bílastæðum á svæðinu en eitt bílastæði á hverjum götukafla verður laust fyrir vöruafgreiðslu.

Frítt söluverðmat

Reynsla og vönduð vinnubrögð



Hringdu núna.

Davíð Ólafsson

Löggiltur fasteignasali

Sími: **897 1533**

david@fr.is



Margt var til gamans gert og m.a. brugðið á leik á reiðhjólum.

Velheppnuð hátíð á Sumardaginn fyrsta

Margt var um manninn á Sumardaginn fyrsta í Vesturbænum og var ekki hægt að sjá annað en að fólk skemmti sér afar vel. Þetta er sennilega ein stærsta hátíðin sem hefur verið í Vesturbænum á Sumardaginn fyrsta síðustu ár.

Afar fjölbreytt dagskrá var í boði og gátu flestir fundið eitthvað við sitt hæfi.

Það voru hin ýmsu félagasamtök í Vesturbænum sem héldu utan um dagskrána líkt og síðastliðin ár. Skipuleggjendur hátíðarinnar langar að þakka öllum þeim sem á einn eða annan hátt komu að hátíðinni, hvort sem það var með styrkjum, vinuframlagi eða komu bara til að skemmta sér.



Tónlistin fékk einnig að njóta sín.



Útfarar- og lögfræðisþjónusta

Önumst alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi



Elin Sigrún Jónsdóttir
frankvæmdastjóri



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Snævar Jón Andrésson
útfararþjónusta



Hugrún Jónsdóttir
útfararstjóri



Rósa Kristjánsdóttir
útfararstjóri



Guðmundur Balvínsson
útfararþjónusta



Jón G. Bjarnason
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta



Katla Þorsteinsdóttir
lögfræðisþjónusta



Gestur Hreinnson
útfararþjónusta

Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is



Brazilískir dagar

í allan maí

Komdu við og smakkaðu brasilíska smárétti, kokteila og ekta brasilíska stemningu.

Capoeira, dans, tónlist og sumargleði í allan maí.



Happy hour
alla daga
17.00–18.30



sushisamba.is

Fjölbreytt sýning félagsstarfsins á Aflagranda

Handverkssýning félagsstarfsins á Aflagranda var haldin á dögunum. Að venju var þetta uppskeruhátíð félagsstarfsins en einnig kynning á þeirri dægradvöl og félagsskap sem íbúum hverfisins býðst.

Á sýningunni kenndi margra grasa. Verk af ýmsum toga voru til sýnis enda félagsstarfið fjölbreytt að þessu leyti. Fólk fæst við eitt og annað í höndunum allt frá listsköpun til hefðbundinnar handavinnu. Fjölmargir nýta sér þá aðstöðu og þjónustu sem félagsstarfið býður og vitað er að margir fleiri íbúar í hverfinu gætu nýtt sér „sælureit“ sem þennan en gera ekki af ýmsum ástæðum. Sumir vita ef til vill ekki af starfinu eða í hverju það felst og öðrum finnst að þeir þurfi að stíga yfir eins konar innri þröskuld til þess að koma. Stundum hefur þess misskilnings gætt að félagsstarfið sé eingöngu fyrir þá sem oft eru nefndir heldri borgarar – fólk sem komið er að starfsloka- og eftirlaunaaldri en í því felst mikill misskilningur. Félagsstarfið er fyrir alla og að undanförunu hefur borið á því að mæður í fæðingarorlofi hafi notfært sér starfið og þá gjarnan haft börnin með sér.



Ánægðar konur á Aflagranda með framlag sitt og sýninguna í heild.



Bútasamur og margskonar mynsturgerð fer fram í félagsstarfinu og hér má sjá sýnishorn af afrakstrinum.



Glaðir krakkar að loknu skákmóti í Hagaskóla.

Vesturbæjarbiskupinn - skákmót í Hagaskóla

Skákmótið sem heitir Vesturbæjarbiskupinn var haldið í Hagaskóla 8. maí sl. Þetta er í þriðja sinn sem þetta mót er haldið með því sniði sem það er nú en það var einnig haldið fyrir einhverjum árum.

Líkt og undanfarin þrjú ár var það Skákakademían sem hélt utan um mótið sjálft en það er Vesturgarður sem heldur mótið en styrktaraðili þess er Melabúðin. Krakkar víðs vegar að af höfuðborgarsvæðinu tóku þátt í mótinu en það er fyrst og

fremst ætlað fyrir grunnskólaaldurinn. Þess má geta að einn keppandi var aðeins fimm ára og því enn í leikskóla og stóð sig alveg frábærlega. Mótinu er skipt í þrjá aldursflokka, 1. til 3. bekkur, 4. til 7. bekkur og svo 8. til 10. bekkur. Þrír efstu í hverjum flokki fyrir sig fengu verðlaun og að auki eru svo veitt verðlaun eða farandbikar fyrir þann grunnskóla sem sendir flesta þátttakendur en það var það Álfhólsskóli úr Kópavogi sem hafði vinninginn að þessu sinni.

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188



Handverksbakarí síðan 1834

Við framleiðum öll okkar brauð úr eigin súrdeigi
Nýbakað allan daginn fyrir ykkur

Bergstaðastræti 13 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - www.bernhoftsbakari.is

Steinbökuð brauð

Hönnunin er eins og tónlist

Trúlega hefur ekki hvarflað að Steinunni Sigurðardóttur þegar hún sat níu ára gömul með prjónana gegnt ömmu sinni og naut tilsagnar hennar við fyrstu lykkjurnar að prjónaskapurinn ætti eftir að leiða hana inn í tiskuhús heimsins. Hún fékk snemma brennandi áhuga á fatahönnun og segir það einkum prjónaskapnum að þakka. Henni er gjarnt að halda því á lofti að hún hafi prjónað sig inn í tiskuheiminn. Steinunn stundaði nám við listaháskóla í París og New York og lauk prófi frá Parson School of Design. Hún starfaði um árabil við tisku- og fatahönnun hjá erlendum tiskuhönnuðum en stofnaði árið 2000 fyrirtækið Steinunn og opnaði verslun – fyrst við Laugaveg en síðar á Grandagarði. Á meðal viðurkenninga sem henni hafa hlotnast eru hönnunarverðlaun Torsten och Wanja Söderberg-verðlaunin árið 2008 og hún var borgarlistamaður Reykjavíkur 2009. Steinunn er búsett í Skerjafirði ásamt eigmanni sínum Páli Hjaltasyni arkitekt og syni og er með starfsstöð og verslun á Grandagarði.

„Já - ég prjóna og sauma enn,“ sagði Steinunn þegar Vesturbæjarblaðið leit við hjá henni á Grandagarðinum á dögnum og hún lýsti því hvernig hún fór með prjónana sína inn í verksmiðjur og framleiðsluhús sem unnu fyrir tiskuhúsin, settist við hlið tæknimannanna og prjónaði fyrir þá hugmyndir sínar og prufur en þeir unnu síðan að því að stilla vélar eftir þeim formum sem runnu af prjónunum og koma hönnuninni í framleiðslu. Tæpast er hægt að hugsa sér meiri nálægð hugmyndar og framkvæmda, nánara samstarfs hugmyndasmiðs og hönnuðar við hina eiginlegu framkvæmd sem hefur án nokkurs vafa skilað mörgum verka hennar fram á veginn.

Byrjaði hjá ömmu

Þegar Steinunn er innt eftir því hvar lífsstarf hennar hafi byrjað er hún fljót til svars. „Hjá ömmu. Amma vann á saumastofu. Hún kunnir eitt og annað fyrir sér og hún gaf sér líka tíma til þess að kenna mér. Hún er mjög mikilvæg persóna í mínu lífi. Hún bjó á heimili foreldra minna og hafði þá þolinmæði til að bera að veita

mér alla þá tilsögn sem hún gat. Ég nýt heldur ekki aðeins þeirra forréttinda að hafa numið af henni heldur einnig að eiga reynsluna af þessu aldursbili – eða kynslóðabil sem er á milli okkar.“ Steinunn segir að handverkið sé vanmetið hér á landi vegna þess að þar sé undirstöðuna að finna og nefnir vefnaðinn sérstaklega – verk vefnaðarkonu á borð við Guðrúnu Vigfúsdóttur. Það er eflaust þessi reynsla sem ég bý að sem hefur mótað mig og mín sjónarmið þannig að ég tel að afar og ömmur eigi að gegna og gegni stóru hlutverki í uppeldi barnabarna sinna. Ég trúi því og treysti að fólk sjá til þess að börnin fái að njóta þeirrar kynslóðar og þess sem hún hefur að gefa. Ég hef oft hugsað um af hverju eldra fólk er ekki fengið að leikskólalastarfinu – til dæmis til þess að koma í heimsóknir í skólana og lesa fyrir börnin. Við verðum að skapa það umhverfi að eldra fólk eigi kost á þessu – að lesa fyrir börn eða eiga með þeim sögustundir. Með því flytjum við fróðleik á milli kynslóðanna. Tengjum þar saman. Lesstund í leikskóla held ég að hljóti að vera bæði gefandi og góð fyrir bæði fyrir börn og fullorðna.“




Á myndunum má sjá dæmi um hönnun Steinunnar. Þær voru teknar í Borgarfirði á síðasta ári í tengslum við kynningu á vörum hennar.

Í New York og París

Steinunn bjó um tíma í New York og einnig í París. Hún fékk inngöngu í Parsons School of

Design í New York en hana hafði lengi langað að komast til náms í fatahönnun erlendis. Vegna þess að hún kom frá landi þar sem hönnun var varla kennd og

Gólfdukur skynsamleg, smekklek og hagkvæm lausn



Eldhúsið
hjarta heimilisins

Svefnherbergið
þægilegt andrúmsloft

Forstofan
einfaldara verður það ekki

Stofan
alltaf jafn heimilislegt

Baðherbergið
hlýtt og mjúkt undir fæti

Forbo
FLOORING SYSTEMS

Heimilisdúkur, sígild lausn:
-léttur í þrifum -auðveldur í lögn -glæsilegt úrval
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Sérverslun með
gólfdukur og teppi

KJARAN

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

Eggs Benný
Morgunmatur „inn“
Önd og vaffla
Súrdeigs „toast“ og serrano
French toast
Pönnukökur og ber
Ekta belgísk vaffla ...
... og margt fleira

ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA



HELGAR REMEDIÁN

BRUNCH

LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA
FRÁ 11.45–14.00

APOTEK
KITCHEN+BAR

Austurstræti 16 // Sími 551 0011 // apotek.is



hafði þar af leiðandi ekki mikla undirstöðu í faginu varð hún að leita fyrir sér um nám. „Mér var tekið vel í Parsons enda fyrsti Íslendingurinn sem kom þangað til náms. Þetta var góður skóli og mér leið vel vestra.“ Eftir skóla lá leið Steinunnar til starfa fyrir þekktu hönnuði og tiskuhús, fyrst Ralph Lauren síðan Calvin Klein og þar næst Tom Ford. Steinunn er þekkt fyrir mikla alúð við verkefni sín og á sjónþingi sem efnt var til í Gerðubergi fyrir nokkrum árum sat Páll Hjaltason arkitekt og eiginmaður hennar á meðal spyrjenda. Ein spurning hans á málþinginu var greinilega varpað fram til þess að draga þessa hlið fram í dagsljósið og ef til vill einnig til gamans en hann spurði á þá leið að síðustu tvær vikurnar fyrir hverja sýningu hafði hún nánast horfið og síðan aftur birst tekin, fól og vannærð, hvað hafi eiginlega gerst á þessum tveimur vikum. Steinunn svaraði að bragði eins og hennar var von og vísa og lýsti á lífandi og skemmtilegan hátt vinnuferlinu við uppsetningu stórra tiskusýninga, öllum þeim fatnaði sem skoða þyrfti, valinu og að

lokum uppsetningu og framgangi sjálfar sýningarinnar. Því rennsli sem áhorfendur sjá á sýningar-sviðinu. Þrjátíu sigarettur og sautján kaffibollar hefðu þá ekki þótt neitt yfirþyrmandi dagsskammtur undir því vinnuálagi og pressu. Því hafi ekki verið fjarlægð að tala um vannæringu.

Nálægðin við framleiðsluna skiptir öllu

En hvað er Steinunn að gera í dag. „Ég var að ljúka við að senda frá mér línu af þrjónafatnaði og nú er ég að vinna útfærslu á munstri sem ég er að nota þannig að ég geti sent það og látið framleiðendurna líta á það og segja kannski „Steinunn við getum þetta ekki og þú verður að einfalda það.“ Steinunn segir framleiðsluna fara í gegnum ákveðin ferli stig af stigi ef svo má segja. „Eitt er að teikna og síðan verður að endurskapa teikninguna í efni. Það er mun erfiðara að vinna í þrívídd en í tvívídd því þá koma ýmsir nýir saumar inn og annað sem þarf að kanna og þá reynir á kunnáttuna í sníðamennsku.“ Steinunn

segir nálægðina við framleiðsluna skipta miklu og hún sé góður skóli. „Maður fer í gegnum framleiðsluferlið og lærir af mistökunum hver sem þau eru. Nálægðin við tæknifólkið hefur kennt sér mest og gefið í gegnum tíðina. Án þess samstarfs væri ég varla stödd þar sem ég er í dag.“ Steinunn segir hönnun ungt fag á Íslandi. „Orðið hönnun kom varla inn í tungumálið fyrr en með tilkomu Listaháskólans árið 2000. Því eru ekki nema einn og hálfur áratugur síðan hægt var að læra hönnun sem háskólanám á Íslandi. Fram til þess tíma varð að sækja allt slíkt nám erlendis. Hönnunin hér heima stendur því að vissu marki enn á byrjunarreit og þá fyrst og fremst vegna þess að við erum ekki komin nógu langt í framleiðslunni. Ég hef stundum sagt að Ísland sé fullt af „prototypum“. Ég hugsa að það sé þó farið að minnka vegna vaxandi þekkingar og reynslu en við þurfum alveg örugglega að bæta okkur við framleiðsluna til að verða samkeppnisfærari á erlendum mörkuðum. Ég held að þetta gildi fyrir allar tegundir lista hvort sem um söng, tónlist, kvikmyndir eða annað er að ræða. Ég tel mig hafa verið heppna að í gegnum æfi mína og störf að hafa fengið að njóta samstarfs við mjög góða framleiðsluaðila – jafnvel þá bestu í heiminum. Þar hef ég lært ýmislegt um gæði og annað sem ég er að vinna með í dag.“

Hönnunin eins og tónlist

Steinunn segir hönnunin er eins og tónlistin að þessu leyti. „Tónsmiðurinn situr við hljóðfærið sitt og semur en svo þarf meira að koma til þegar þarf að koma afurðinni á framfæri. Alls staðar er fólk sem aðstoðar við sköpunarferli þar til það er á enda. Tónsmiðurinn þarf á útsetjurum og hljóðveri að halda. Leikritahöfundurinn á leikstjóra og leikhúsfólki.

Kvikmyndagerðarmaðurinn á sveit tækni- og tókufólks. Hver lærir af öðrum þegar fólk vinnur saman. Í mínu tilfalli lít ég á verksmiðjuna eins og hljóðblöndun í tónlistinni.“ Steinunn segir að oft sé talað um fatahönnun eins og allt eigi að búa til á Íslandi. Allar hugmyndir og hönnun eigi að fara í framleiðslu hér heima. En er það hægt. „Nei það er ekki hlægt vegna þess að við erum ekki nógu mörg. Það eru ekki til nægilega margir einstaklingar sem hafa þá kunnáttu í framleiðsluferli eða eigum við að segja verksmiðjukunnáttu sem þarf hér heima til að hægt sé að framleiða allt – allt frá síffoni og yfir leður. Eða þrjónið. Við erum með þrjónavélar fyrir íslenska þrjónið en ekkert þar fyrir utan. En þrátt fyrir þetta er ég alveg á því að framleiða eingöngu á Íslandi geti alveg gengið í sumum tilfellum en fyrir mér er mjög takmarkað hvað ég get framleitt hér heima.“

Náttúrulegu efnin undirstaða

Steinunn segir segir náttúrulegu efnin mikilvæg og að þau skipi stóran þátt í sköpunar- og framleiðsluferli sínu. „Síðan ég stofnaði fyrirtæki mitt hef ég í allt að 97% tilfella notað náttúruleg efni til þess að vinna með. Ég hef unnið mikið með ull og einnig silki og nokkuð með kasmír og er stolt af því að hafa helgað mig náttúrunni að þessu leyti.“ Þetta tel ég mikilvægt fyrir alla sem fást við hönnun því þá lærir hönnuðurinn og verksmiðjan lærir á móti. Ég held að þetta sé eins í fleiri greinum.

Stundum gott að taka sjálfan sig út

Steinunn segir hollt fyrir hönnuð að taka sjálfan sig í gegn öðru hvoru. Taka sjálfan sig út fyrir hönnunarferilinn. Eiga

raunveruleikasamtal við sjálfan sig í stað þess að gleyma sér á fluginu. „Ég hef auðvitað bæði grætt og tapað á því en hvernig sem það hefur farið hef ég alltaf verið ákveðin í að halda áfram. Sérstaklega getur verið gott að draga andann aðeins djúpt þegar um mjög persónulegan klæðnað er að ræða. Klæðnað sem þarf að harmónera við karakter þess sem á að klæðast honum. Ég er heldur ekkert bundin því að fólk klæðist eingöngu í mínar flikur. Allskonar samsetning getur hentað fólki og með honum getur það búið til og styrkt sinn eigin karakter. Fólk setur heimili sín saman úr ýmsum hlutum og fatnaðinn líka. Heimili standa líka saman af kynslóðum og þarna kem ég enn og aftur að ömmu. Breiddinni sem þarf að vera í lífi fólks.“

Ekki út úr kassanum fyrir en allt er búið

Steinunn hefur auk hönnunar og framleiðslu starfað við kennslu. „Eitt af því skemmtilega hér heima er að geta gefið eitthvað til baka. Við eigum öll að gefa eitthvað til baka - til samfélagsins og ég hef reynt það með því kenna og halda fyrirlestra þar sem ég miðla öðrum af reynslu minni. Þetta er hollt fyrir sjálfa mig. Og gott fyrir hönnuð að eiga samtalið við unga fólk. Ég man hvað þetta var erfitt í fyrstu. Að koma fram fyrir annað fólk. Ég gleymi því ekki að þegar ég hélt fyrirlestur í Norræna húsinu árið 2002 að ég var svo nervös og ég faldi mig hálfvegis á bak við ræðupúltið. En það hefur lagast. Ég hef líka reynslu af þessum löngu vinnutörnum sem Páll lýsti á sjónþinginu á sínum tíma. Það þarf einbeitingu hvað sem maður er að gera. Maður verður að leyfa sér að fara inn í kassan og ekki út úr honum fyrir en allt er búið.“



Fuglasöngur, fótabað & flot - 170 Seltjarnarnes!



SAMFESTINGURINN – ný ómótæðileg útgáfa!

Lífrænn & smart. Fyrir jóga & lífið. Sterk, lífræn og dásamleg "Fair Trade" bómull.



FLJÓTTU & NJÓTTU Í SUMAR!

FÁTT jafnast á við FLOT í falgri sumarnóttinni. Flothetta & fótaflot: 17.700 kr.



EIGIN JÓGAMOTTA er MÁLIÐ!

MANDUKA eru sannarlega Taj Mahal jógaðýnanna, 5. teg og fylgihlutir.



Definitely worth a visit! - Grapevine apríl 2015

SÁL Í HVERJUM SOPA!

LÍFRÆNT KAFFI m/ BÍÓBÚMJÓLK / INDÍGÓKAFFI?

Eða má bjóða þér næringarríka gourmet súrdeigssamlöku, PEYTING, SKOT, croissant, glútenlaust, "vegan", chiagrauta, heilsubita, kökur, súpu. Innihaldsríkt góðgæti í stöðugri þróun!

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlauginu og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Virkir dagar 8:30 - 18
Laugardagar 10 - 16

Frostaskjól stofnun ársins



Sumarstarf Frostaskjól að hefjast

Sumarstarf Frostaskjól er að hefjast. Frístundamiðstöðin Frostaskjól býður upp á fjölbreytt og skemmtileg viðfangsefni fyrir börn á aldrinum 6 til 16 ára.

Sumarfrístund frístundaheimilanna Frostheima, Selsins, Skýjaborga og Undralands býður upp á sumardagskrá fyrir börn fædd '08 til '05. Sumarsmiðjur Tíu12 munu verða með ýmist heils- eða hálf dags smiðjur frá 11. júní til 10. júlí þar sem

farið verður í stuttar skemmtilegar ferðir, hjólatúra, sund, bláa lónið og margt fleira. Smíði, sköpun og útvíst verður staðsett við Melaskóla og hentar börnum frá 10 til 12 ára. Þar verður lögð áhersla á LARP, lífandi hlutverkaleik sem og smíði og leiki. Frosti á hjólum er svo eins konar pop up félagsmiðstöð fyrir unglingana og mun hefja göngu sína 15. júní og vera opin í sumar til 10. júlí.



Verðlauninum fyrir „Stofnun ársins 2015“ var veitt viðtaka í Frostaskjól á dögnum.

Starfsmannafélag Reykjavíkur kynnti nýlega niðurstöður úr könnuninni um Stofnun ársins borg og bær 2015. Valdar eru fyrirmyndarstofnanir úr flokki stærri og minni stofnanna. Frístundamiðstöðin Frostaskjól í Vesturbæ var sú stofnun sem bar sig úr bitum í ár og er því „Stofnun ársins 2015“. Frostaskjól var einnig „Stofnun ársins 2013“ og í 2. sæti árið 2014. Frostaskjól hefur verið fyrirmyndarstofnun frá því að byrjað var að leggja könnunina fyrir en þann titil fá stofnanir í efstu sætunum.

Tilgangur með könnuninni er

að vera stjórnendum hvatning til að láta sig stjórnun og aðbúnað starfsfólks varða sem og viðurkenning til handa þeim sem skara fram úr á því sviði. Sífelldar breytingar eru í umhverfi okkar sem kalla á sífellda aðlögun vinnustaða að nýjum veruleika. Breytingar á vinnubrögðum, skipulagi og stjórnun gera miklar kröfur til allra og það er hagar allra, íbúa, stjórnenda og starfsmanna að stofnanir búi starfsmönnum jákvætt og styðjandi vinnuumhverfi.

Frostaskjól er frístundamiðstöð Vesturbæinga á skóla- og

frístundsviði Reykjavíkur. Í starfi frístundamiðstöðva er unnið mikilvægt forvarnarstarf og börnum og ungmennum skapaður jákvæður valkostur í frítímanum með fagfólki, öruggu umhverfi og innihaldsríku starfi. Undir Frostaskjól heyrir frístundaheimilin Undraland, Frostheimar, Skýjaborgir og Selið. Einnig félagsmiðstöðin Frosti ásamt því að Frostaskjól tekur virkan þátt í hverfasamstarfinu Vesturbæjarfléttunni og skipuleggur hverfadagskrá í vetrarleyfum grunnskólanna og á Sumardaginn fyrsta í samráði við aðra í hverfinu.

Matur og vín:

Í sumar grillum við! Grillréttirnir frá Hafinu eru frábærir á grillið og fátt ljúfara en góðar stundir á sólpallinum með góðan fiskrétt á grillinu og njóta þess að sötra rétta hvítvínið með matnum eða bara eitt og sér.

Hafið fiskverslun er sérverslun með hágæða fiskafurðir og meðlæti fyrir kröfuharða neytendur.

Fiskborðin eru þéttsetin af landsins mesta úrvali af tilbúnum fiskréttum til að ofnbaka, steikja eða grilla sem gerir viðskiptavinum kleift að elda dýrindis máltíð á nokkrum mínutum án nokkurar fyrirhafnar.

Grillréttur mánaðarins er frá Fiskbúðinni Hafinu, sem er staðsett á tveimur stöðum

Hlíðasmára 8, Kópavogi og Spönginni 13, Rvk.



Grillspjót Hafsins

Þrjár tegundir af ferskasta fisk dagsins marineraður á þrjá mismunandi vegu og svo þræddar uppá grillspjót er ómissandi á grillið



Við mælum með eftirfarandi víni við þennan rétt:

Piccini Memoro
- Ítalía - 1.980 kr.
Strögufl.
Meðalfylling, þurr, fersk sýra.
Ljós ávörður, pera, eik, hunang.

Tarapaca Reserva Chardonnay
- Chile - 1.950 kr.
Ljósirónugult.
Meðalfylling, ósætt, fersk sýra.
Síkur, strjálónat, eik.

Hvað höfum við lært?

Þessi ár sem hafa liðið síðan árið örlagaríka 2008 kom og fór hafa liðið mjög hratt. Það getur átt sinn hlut í máli hjá mér að tveir yngri strákarnir mínir fæddust árin 2009 og 2013 en fyrir var einn fæddur 2007. Það hefur því verið nóg að gera á mínu heimili. En fólk í kringum mig virðist líka upplifa þetta, en kannski var það bara að eignast börn líka. Stærstu árgangar Íslandssögunnar hafa alla veganna fæðst þessi síðustu ár. Hrunið var stóratburður þar sem maður þarf að horfast í augu við að ekki var allt sem sýndist, þarf að takast á við að manns eigin sjálfsmýnd og myndin af okkar sameiginlega sjálfi er löskuð. Slíkir stóratburðir geta tekið upp stóran hluta, jafnvel óþarflega stóran hluta sjóndeildarhringsins meðan við fjarlægjumst atburðina.

Mér hefur verið nokkuð hugleikið hvernig krakkar sem voru kannski 10 til 15 ára hrunárið hafa upplifað þessa tíma. Það hlýtur að vera rosalegt að takast ekki bara á við að manns eigin sjálfsmýnd sé að taka á sig form heldur allt samfélagið á sama tíma. Ég gæti trúað að raddir þessa hóps verði áberandi og gagnrýnar og sennilega mjög stuðandi gagnvart sér eldri kynslóðum. Eða ég ímynda mér það, ég þekki ekki marga úr þessum hóp. Vonandi láta þau til sín taka og vonandi verða þau okkur sem eldri erum samt ekki of hörð þótt þau taki nú samt ráðin. Það

er mikilvægt að þeirra raddir fái að heyrast hátt fyrir en síðar.

Fyrirhrunsárin voru tími sjálfhverfu

Á mörgum stefnumurum vorum við mötuð á árunum fyrir hrun. Pólítísk umræða var dregin kröftuglega til hægri og margt var manni sagt og talið trú um að væri eðlilegt og betra ef einstaklingshyggjan fengi að vera ómenguð af óþraktisku hjali um sameiginlega hagsmuni. Hvað væru líka sameiginlegir hagsmunir? Eigum við ekki bara hvert sína hagsmuni? Forystumenn þessarar orðræðu voru margir fljótir að snúa sér til sameiginlegra sjóða okkar þegar harðnaði á dalnum og viðskip-taplönin fóru í vaskinn. Það voru nú allir einkahagsmunirnir þegar allt kom til alls. Og svo það sé sagt var undirritaður síður en svo ónæmur fyrir áhrifunum, tækifærin til að verða ævintýralega ríkur virtust óþverrandi og hví skyldi maður ekki vilja vera með í því?

Samfélagið trekkir

Það er áhugavert að setja svo þessar hugleiðingar í samhengi við umræðu um skipulagsmálin í samtímanum. Vesturbærinn okkar er á fleygiferð breytinga en það er reyndar ekkert nýtt og ekkert óeðlilegt. Það eina sem má reikna með eru breytingar, það er því vissara að þær séu í rétta átt. Það er mikil eftirspurn eftir að búa í Vesturbænum og vera hluti af því samfélagi sem hér er. Vinsældirnar eru ekki



Sverrir Bollason.

bara meðal Reykvíkinga og nærsveitamanna heldur nær orðsporið út fyrir landsteinana. Ef það er samfélagið frekar en gæði húsanna sem trekkir að þá liggur það fyrir að það er það sem þarf að standa vörð um fyrst og fremst.

Leyfum okkur að læra og gera kröfur

Til að geta gert fleirum kleift að búa og leggja samfélaginu eitthvað til þá er skynsamlegt að byggja nýjar íbúðir. Nýtt húsnæði léttir líka eftirspurn af því húsnæði sem fyrir er og getur vonandi komið í veg fyrir að húsnæðisverð þróist þannig að hér verði bara mögulegt fyrir hátekjufólk að búa. Þess vegna ber að fagna því þegar unnið er að því að koma fyrir ódýrari og aðgengilegri búsetumöguleikum

í hverfinu líkt og til stendur að byggja í Vesturbugt og á s.k. Grýtureit. Jafnvel nýjar og dýrari íbúðir geta kannski orðið til þess að færri verða um hituna þegar eldri íbúðir koma til sölu og bremsi því eitthvað verðhækkunir þar. Fasteignaverð í Vesturbænum hefur minnst með fasteignir að gera og mest með það að gera hvernig við upplifum umhverfi okkar.

Nýbyggingar í vöggugjöf

En við verðum að leyfa okkur að gera kröfur. Þegar einhver byggir upp á sinni lóð þá er það ekki einkamál, það snertir heldur ekki bara næstu nágranna, það snertir samfélagið

í hverfinu; okkar sameiginlegu hagsmuni. Þess vegna er það ekki óeðlilegt að vænta þess að nýbyggingar, endurbyggingar og ný svæði gefi eitthvað af sér því það er jarðvegurinn sem fyrir er sem leyfir því nýja að spretta. Nýbyggingarnar fá samfélagið sem fyrir er í vöggugjöf og það er því ekkert að því að krefjast þess að þær bæði virði og auðgi umhverfi sitt. Þegar það fer saman hagnast allir, hver og einn ásamt okkar sameiginlegu hagsmunum.

Sverrir Bollason.
Formaður hverfisráðs Vesturbæjar.

við hreinsum fyrir þig

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966

HRADÍ fatahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is



Ert þú að útskrifast?

Grillið er frábær staður til að koma saman og fagna tímamótum. Ótrúlegt útsýni og einstakur matur gerir kvöldið ógleymanlegt.

Á Grillinu leikum við okkur með léttar og nútímalegar útfærslur þar sem bragðsamsetningar, sköpunargleði og metnaður njóta sín.

Happy Hour á Astrabar kl. 17.00-18.00



ANTON & BERGUR

KR-INGAR

TIL HAMINGJU MEÐ

ÍSLANDSMEISTARATITILINN 2015



*Bæjarins
bestu
pulsur*



Reykjavíkur **Apótek**



TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

SUBWAY
Ferskleiki er okkar bragð.



Melabúðin
Þín verslun
Sími 551-0224



Lösmyndastofa Erlings
Silla og Erling
552-0624
erling.is



Systtrasamlagjið

Vesturbæjarblaðið



Rauða Ljónið

Níu Vesturbæjarkrakka áfram í Upptakti

Níu krakkar úr skólum í Vesturbænum komust áfram í Upptaktinum sem fram fór í Hörpu dögunum. Upptaktur er keppni sem fer fram á landsvísu og af 55 verkum þá komust 13 verkum áfram. Að þessum 13 verkum voru 14 höfundar og þar af 9 úr Vesturbænum.

Lagahöfundarnir úr Vesturbænum eru; Ragnheiður María Benediktsdóttir 13 ára úr Hagaskóla með lagið Dásamlegt veður, Kári Egilsson 13 ára úr Landakotsskóla með lagið lagði Barrilyn, Jón Bjartur Þorsteinsson 13 ára úr Hagaskóla með lagið Litla líf, Úlfhildur Valgeirsdóttir 11 ára úr Melaskóla með lagið Músaveiðar hans hátignar, Karólína Einarsdóttir 12 ára úr Melaskóla með lagið Dúkkudans, Guðlaug Friða Helgadóttir Folkmann 13 ára úr Hagaskóla með lagið Like she told me to og Kormákur Logi Bergsson 15 ára úr Hagaskóla með Zephyr. Kristján Dagur



Krakkahópurinn sem komst áfram í Upptakti.

Egilsson 11 ára úr Grandaskóla og Kristján Ingi Jóhannsson 11 ára úr Grandaskóla lögðu til lagið Maðurinn sem fraus saman og er

þetta í fyrsta sinn í Upptaktinum sem það eru tveir höfundar af einu lagi.

Sönn saga úr Vesturbæjarskóla



Vesturbæjarblaðinu barst þessi skemmtilega saga úr Vesturbænum. Sóley Rúnarsdóttir er höfundur og er hún í 1. þekk í Vesturbæjarskóla.

Foreldrar verum samtaka



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskuljúðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur um forvarnir



Ríkislögreglustjórnin

BÍLSKÚR ÓSKAST

Óska eftir góðum bílskúr til leigu í 101 eða 107.

Fyrirframgreiðsla og trygging auðsótt mál.

Vinsaml. hafið samband við geirfugl@gmail.com

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Strætó fyrir frístundir og skóla

Hverfisráð Vesturbæjar boðar til opins vinnufundar um akstur Strætó um hverfið okkar.

Markmið fundarins er að koma á blað óskum og hugmyndum íbúa um þá staði sem mikilvægt er að tengja saman með strætó.

Fundurinn verður haldinn í safnaðarheimili Neskirkju miðvikudaginn 27. maí nk. kl. 20-21:30.

Allir velkomnir. Foreldrar og unglingar sérstaklega hvattir til að mæta og deila sinni reynslu.

Búið verður að byggja við Tryggvagötu 13 að ári

Stefnt er það því að ljúka byggingu sex hæða fjölbýlishús við Tryggvagötu 13 á vordögum að ári en allt að 40 íbúðir verða í húsinu.

Lóðin er við hliðina á Borgarbókasafninu og eru framkvæmdir að hefjast en þar var lengi bílastæði. Reykjavíkurborg áformar að stækka bókasafnið til vesturs samhliða þessari uppbyggingu.



Eins og sjá má er fyrirhugað hús hið glæsilegasta.

www.borgarblod.is

Eru tryggingarnar þínar í lagi?

VÍS



Kristinn Rúnar Kjartansson
kristinnk@vis.is
Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Byð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST
Áratuga reynsla

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242



www.utforin.is
Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Mætum á völlinn í sumar og styðjum KR til sigurs!



KR stofnar Framtíðarsjóð

Knattspyrnufélag Reykjavíkur eða KR eins og það er oftast kallað hefur stofnað Framtíðarsjóð KR. Sjóðnum ætlað er að styðja við framgang félagsins til lengri tíma lítið. Félagið á sér 116 ára sögu – var stofnað árið 1899 og geymir sú marga glæsta sigra. Kolbeinn Pálsson fyrrum körfuboltamaður og einn af hörðustu stuðningsmönnum KR í gegnum tíðina segir þennan sjóð einkum snúast um að styrkja barna- og ungmennastarfið enda sé það svarthvíti þráðurinn í sögu félagsins í gegnum árin. “KR hefur mikinn metnað til að sinna þessu mikilvæga hlutverki sínu enn betur til framtíðar lítið og eitt skref í þeirri viðleitni er stofnun Framtíðarsjóðs KR. Markmið Framtíðarsjóðs KR er að verða með tíð og tíma hornsteinn félagsins alls, varanlegur grunnur fyrir framþróun félagsins um ókomin ár,” segir Kolbeinn í spjalli við Vesturbæjarblaðið.

Framtíðarsjóður KR er sjálfseignarstofnun. Framlög í sjóðinn mynda höfuðstól sem skerðist ekki og vex með nýjum framlögum. Aðeins má nota ávöxtun sjóðsins, umfram verðbólgu, til úthlutunar til verkefna sem teljast stuðla að framtíðarheill félagsins, þar á meðal til uppbyggingar og þróunar á starfsemi og aðstöðu. Kolbeinn segir sjóðnum alls ekki ætlað að standa undir kostnaði við kaup á leikmönnum heldur að styðja við starfið með öðrum hætti – einkum því sem kemur börnum og ung mennum til góða. Úthlutunum úr sjóðnum er þannig ekki ætlað að standa undir daglegum rekstri félagsins eða einstakra deilda. Kolbeinn segir að framlög í sjóðinn geti verið í ýmsu formi styrkja og gjafa. Afmælisgjafa, arfs, minningarkorta, í tengslum við skipulögð söfnunaráttök, eingreiðslur eða mánaðarlegar stuðningsgreiðslur. „Við verðum að styðja við félagsstarfið með öllum þeim ráðum sem við eigum því segja verður eins og er að opinber framlög til íþróttaiðkunar eru til skammar.



KR fjölskyldan gæti þessi mynd heitið. Kolbeinn Pálsson er með Daniel Snæ Þórðarson afabarnið sitt fyrir framan sig og Páll Hermann Kolbeinsson sonur Kolbeins heldur á afabarninu sínu og um leið langafabarni Kolbeins, Arnari Páli Haukssyni.

Finnst ég þurfa að skila til baka

Kolbeinn sem er einn af upphafsmönnum sjóðastofnunarinnar hefur víða komið við á vegi KR. Auk þess að leika körfubolta með félaginu um lengri tíð eða um 25 ára tímabil hefur hann unnið að félagsstarfinu af krafti – meðal annars með þjálfum og störfum með útteild og öðru æskulýðsstarfi. „Ég fer eftir því sjónarmiði mínu að ég hafi enn ekki skilað til baka því sem KR hefur gefið mér og minni fjölskyldu sem öll býr vestan Lækjar. Með þessu vil ég og félagar mínir sem standa að stofnun Framtíðarsjóðsins efla starf félagsins – einkum það starf sem snýr

að æskunni. Kunnara er en frá þurfi að segja að fátt veitir betri og öruggari forvarnir en öflugt íþróttastarf þar sem reynt er að vekja áhuga barna og ungmenna og virkja þau í félagsstarfinu. Þá er ég ekki að tala um að ala upp afreksmenn þótt það sé hluti af starfinu heldur að ná til hins almenna ungmennis og veita því tilsögn og heilsusamlega þjálfun að auki. Í því felst mikill misskilningur að þeir sem ekki hyggja á afreksmennsku hafi ekkert erindi í íþróttir. Ég skora á alla góða KR-inga að minnast framtíðar KR í barna og unglíngastarf og styðja Framtíðarsjóðinn með öllum mögulegum hætti,” segir Kolbeinn. Nánari upplýsingar um sjóðinn er að finna á KR.is.

Körfuboltaskóli KR sumarið 2015

Jón Hrafn Baldvinsson verður skólalastjóri Körfuboltaskóla KR í sumar. Jón Hrafn er einnig leikmaður meistaraflokks KR og er menntaður íþróttakennari frá HÍ, Laugarvatni. Hann hefur mikla reynslu af þjálfun yngri flokka og er kennari í Vogaskóla. Námskeiðið er jafnt fyrir stelpur og stráka og miðar að því að efla færni og skilning

krakka sem vilja bæta sig í körfubolta. Sérstök áhersla verður lögð á knattrak, skottækni og leikskilning sem allir ungir leikmenn verða að tileinka sér. Á námskeiðin munu ýmsir þungavigtarleikmenn íslensks körfubolta mæta sem gestaþjálfarar. Öll námskeið enda með verðlaunaafhendingu og grill/pizzu veislu. Ef veður

leyfir mun hluti af kennslunni fara fram utandyra. Vikan kostar kr. 5000,- (kr. 4000 fyrir 4 daga vikur). Búið er að opna fyrir skráningu á heimasíðu KR undir skráning og greiðsla æfingagjalda. Námskeiðsdaga má sjá á heimasíðu KR og þar er einnig hægt að skrá á námskeiðin.

Fimm KR-ingar í úrslit í Esbjerg

KR-ingum gekk vel á Alþjóðlega sundmótinu sem fram fór í Esbjerg í Danmörku 15. til 17. maí. Alls tóku 58 sundfélög frá Þýskalandi, Danmörku og Svíþjóð tóku þátt auk KR frá Íslandi. Fimm KR-ingar komust í átta manna úrslit á mótinu. Meðal helstu úrslita má nefna að: Ásgeir Beinteinn Árnason sigraði í flokki 16 ára í 25 m skrið. 11.20 sek og 50 m skrið á 24.78 sek. Báðir þessir tímar eru KR met í piltaflokki 15 til 17 ára. Ásgeir fékk brons í 100 m skriðsundi á 54.01 sek. Tómas Magnússon 13 ára fékk silfur í 25 m bak.

15.58 sek og brons í 100 m baksundi 1.11.60 sek. Ari Friðriksson 16 ára fékk silfur 50 bringu 32.05 sek. brons í 25 bringu 14.84 sek. Silfur í 100 bringu 1.09.75 sek. Alexander Jóhannsson fékk brons í 100 m skriðsundi í flokki fullorðinna 51.57 sek

Herdís Birna Viggósdóttir 10 ára varð í 5. sæti í 25 skriðsundi 15.04 sek. Aðrir KR ingar sem tóku þátt bættu sig einnig í flestum greinum og öðluðust góða reynslu með þátttöku sinni á mótinu.

KR-SÍÐAN



Ánægðir og stoltir KR-ingar eftir að hafa náð Íslandsmeistaratitlinum annað árið í röð.

KR Íslandsmeistari annað árið í röð

KR er orðið Íslandsmeistari í körfunni annað árið í röð eftir úrslitakeppni við Tindastól frá Sauðárkróki. Fæstir höfðu fyrir tímabilið getað gert sér í hugarland að Tindastóll myndi berjast sér leið í undanúrslit bikarsins og svo alla leið inn í úrslit Íslandsmótsins en liðið hefur verið hrikalega öflugt í vetur undir stjórn þeirra Israel Martin og Kára Maríssonar.

KR hefur á hinn bóginn verið það lið sem flestir bentu á sem líklegasta til afreka fyrir tímabilið og reyndist margur spámaðurinn sannspár enda valinn maður í

hverju rúmi og urmull landsleikja sem hvílir á herðum þessa kappa. Vel verðskuldaður titill rónðótttra og Michael Craion réttlæga valinn besti leikmaður úrslitaseríunnar, tröll að burðum og fáir ef nokkrir héraendis sem standast honum snúning. Að leiknum þá var hann frábær skemmtun þar sem Darrel Lewis sýndi enn eina ferðina að kallinn er einn sá allra besti en 37 stig frá honum dugðu því miður ekki fyrir Tindastólsmenn. Þessum áfanga náðu KR-ingar síðast þegar deildarkeppnin var við lýði á árunum 1978 og 1979.



GETRAUNANÚMÉR
KR ER 107



Rauda Ljónið
síðan 1989

HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ
eða

BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur





Velkomin í nýtt útibú á Granda

Útibú Íslandsbanka við Lækjargötu og á Eiðistorgi hafa verið sameinuð í nýtt og glæsilegt útibú að Fiskislóð 10.

Þekking og reynsla

Kunnugleg andlit frá báðum útibúum taka á móti viðskiptavinum og nýjar sjálfsafgreiðsluvélar flýta fyrir afgreiðslu. Aðstaðan er öll hin glæsilegasta og alltaf heitt á könnunni.

Hraðbanki verður áfram staðsettur á Eiðistorgi og nálægt núverandi útibúi í miðbæ.

Nánari upplýsingar um útibúið og þjónustuna finnur þú á islandsbanki.is/grandi

Við bjóðum góða þjónustu á Granda.



Skemmtilegt svæði í örum vexti

Mikil uppbygging er á Grandasvæðinu í atvinnulífi, þjónustu og verslun. Mjög gott aðgengi verður fyrir viðskiptavini bankans og fjöldi bílastæða.